

Mál nr. 432/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Fjölskyldutrygging.

Tilkynningafrestur.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. nóvember 2024, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 10. desember 2024, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var hinn 12. maí 2022 á reiðhjólí að æfa sig fyrir keppni í þríþraut þegar hann féll fram fyrir sig með þeim afleiðingum að hann slasaðist og reiðhjól og búnaður skemmdist. M tilkynnti slysið til V með tjónstilkynningu dags. 12. maí 2022 þar sem fram kom að um væri að ræða hjólreiðaslys. V samþykkti bótaskyldu úr fjölskyldutryggingu M vegna slyssins og fór uppgjör bóta vegna líkamstjónsins fram 24. apríl 2024. Sama dag sendi lögmaður M beiðni til V um endurgreiðslu vegna munatjóns sem varð við slysið að andvirði 633.335 kr. Með tölvupósti 7. maí 2024 hafnaði V bótaskyldu vegna munatjónsins á grundvelli þess að M hafi hvorki gert kröfu eða tilkynnt munatjónið innan árs, sbr. 51. gr. laga nr. 30/2004. M mótmælir framangreindri afstöðu V á þeim grundvelli að M hafi tilkynnt V um vátryggingaratburðinn innan tilskilins frests, þann 21. maí 2022. Að mati M virðist V gera þá kröfu að M sendi inn tvær mismunandi tjónstilkynningar vegna sama vátryggingaratburðar, þ.e. varðandi líkamstjón og svo munatjón. Alvanalegt sé að tilkynnt sé um slys og beiðni um endurgreiðslu á kostnaði tjónþola vegna slyssins sé send á V meðan á málinu standi eða við uppgjör þess. Þá bendir M á að V mætti vera ljóst að vátryggingaratburðurinn væri með þeim hætti að M hafði orðið fyrir munatjóni enda um alvarlegt reiðhjólaskilyss að ræða. Í sjúkraskrárfærslu frá 12. maí 2022 kom fram að M hafði verið með hjálm sem brotnaði. Telur M því ljóst að tilkynning hafi borist V innan þess frests sem tilskilinn er í 51. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi ekki verið gert ljóst að M hefði orðið fyrir munatjóni sem hann hugðist fá bætt úr innbúskaskótryggingu fyrr en 24. apríl 2024 eða tæpum tveimur árum eftir að atvikið gerðist. Þá var að mati V hugsanlegur réttur M til bóta fallinn niður fyrir tómlætis sakir. Mótmælir V því sem röngu að starfsmönnum þess hefði mátt vera kunnugt um að M hefði orðið fyrir munatjóni í slysinu. Rekur V orðalag 1. mgr. 51. gr. vsl., og það sem fram kemur í greinargerð lagafrumvarpsins. Munatjón liggir fyrir strax eða fljótlega eftir tjónsatvik, ólíkt líkamstjónum. M vissi því um kröfu sína strax eða fljótlega eftir atvikið. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu að M hafi ekki tilkynnt munatjón sitt of seint, telur V að hafna beri engu að síður tjóni M sem ósönnuðu. Hefur M ekki svarað fyrirspurnum V eða fengið staðfestingu á eignarhaldi M á mununum. V hafi ekki fengið umrædda muni til skoðunar og vísar til ákvæðis 3.2. í þágildandi vátryggingarskilmálum þar sem fram kemur að tjón sem eingöngu valda útlitsgalla en rýra ekki notagildi hins tryggða eru ekki bætt.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga glatar vátryggður rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Verður að telja að M hafi strax á tjónsdegi eða dagana þar á eftir vitað um atvik sem krafa hans var reist á þ.e. að reiðhjól og fylgibúnaður hefði skemmt í slysinu. Ágreiningur í þessu máli snýst um það hvort M hafi með tilkynningu sinni um líkamstjón í kjölfar reiðhjólaskilyssins verið búinn að uppfylla skyldu sína skv. ákvæðinu. Í tjónstilkynningu M til V, dags. 21. maí 2022, lýsir M eingöngu líkamsáverkum sínum en getur í engu þess munatjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir. Ekki er að mati nefndarinnar hægt að telja að upplýsingar sem fram komu í sjúkraskrá M um að reiðhjóláhjálmur hans hafi brotnað, sé ígildi tilkynningar M til V um kröfu sína. Var ársfrestur sem tilgreindur er í 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga því liðinn þegar M gerði kröfu um bætur vegna munatjóns tæpum tveimur árum eftir tjónsatvikið. Var krafa M um bætur úr innbúskaskótryggingu sem barst V 24. apríl 2024 því of seint fram komin í skilningi 1. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga. M á því ekki rétt á bótum úr innbúskaskótryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V vegna munatjóns.

Reykjavík, 31. mars 2025.
rafræn undirskrift.

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir